



Fjölbrautaskóli Suðurlands

FORNÁM

ÍSLE1RX05

Kennsluáætlun – vorönn 2023

Kennari áfangans:

Stefán Hannesson (SHA), stefanhannesson@fsu.is

Jón Özur Snorrason (JÖZ), jozur@fsu.is

Áfangalýsing:

Í áfanganum taka nemendur hefðbundna íslenskuáfanga á 1., 2. eða 3. þrepi á sínum eigin hraða. Gert er ráð fyrir að nemendur ljúki sínum áfanga á tveimur til þremur önnum, en einnig er í boði að ljúka áfanganum á einni önn ef nemandi treystir sér til. Nemendur sem voru í þessum áfanga á vorönn 2022 halda áfram þaðan sem frá var horfið. Nýir nemendur fá kennsluáætlun síns áfanga frá kennara.

Kröfur og verkefnaskil:

- Ætlast er til að nemendur taki að fullu þátt í kennslustundum, fylgist með innlögnum, skrái glósur, vinni verkefni og taki þátt í umræðum. Því betur sem nemendur sinna vinnu í kennslustundum, því minna verður heimanámið. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlögn fer eingöngu fram í kennslustundum. Mæti nemandi ekki í tíma af einhverjum ástæðum eykst heimavinna nemenda.
- Símanotkun í tímum er ekki leyfð nema með samþykki kennara og þá aðeins að því tilskyldu að það þurfi að nota hann í tengslum við námið.

Námsmat

Námsmat er byggt á námsmati þess áfanga sem nemandi tekur í RX. Ef nemandi klárar námsefnið í sínum áfanga fær hann einingarnar þaðan, og L (lokið án eininga) fyrir RX. Ef nemandi klárar ekki námsefni síns áfanga fær hann lokaeinkunn fyrir vinnuframlag sitt í RX, og jafnframt einingar fyrir RX.

Gert með fyrirvara um breytingar, FSu, 3. janúar 2023.

Stefán Hannesson
Jón Özur Snorrason

